

ÚRSLITAVANDINN

I

Sá skilningur á sögu lífsins hér á jörðinni sem hófst með Anaximander, en Lamarck og Darwin loks, þúsundum ára seinna, gátu fengið mannkynið til að gefa gaum, var svo stórkostlegt framfaraspor, að oss getur ekki furðað á því, þó að í fyrstu væru því litlar gætur gefnar, að framsóknarsaga lífsins er ekki eingöngu eða eindregin framfarasaga. Og þó ríður hið mesta á að skilja þetta, því að þar ræðir um þann vanda á vegi sköpunarinnar sem yfirstíga verður, ef ekki á tilraun hins skapandi kraftar til að gera jörð vora að heimkynni farsældarinnar, að mistakast með öllu. En fullkomin farsæld er eins og undirsöngur hinnar fullkomlega sigursælu framsóknar.

Hér skal nú reynt að skýra nokkru gjör en áður, í hverju þessi úrslitavandi lífssögunnar er fölginn, og hvernig á honum mætti sigrast.

II

Vorir fyrstu foreldrar áttu heima í hafinu, á þeim tímum er sennilega lukti sær um alla jörð. Og svo örsmáir voru þeir, að langt var umfram ósæi berum augum. Ennþá skrítnara er þó að hugsa sér, að vorir fyrstu foreldrar voru ekki einu sinni dýr, heldur jurtir. Þeir gerðu engri lifandi veru mein, en lifðu syndlausu lífi á sól og sjó og lofti. Ekkert var heldur til sem benti til ástar, jafnvel ekki í allra ófullkomnustu mynd. Hin örsmáa lífvera óx að einhverju takmarki, en skiptist síðan og varð að tveimur. Svo mátti heita að dauðinn væri ekki til nema af slysum, t. d. ef sjórinn hitnaði um of vegna jarðelda á sjávarbotni. Langar aldir liðu svo, að

lifað var þessu lífi sem hvorki þekkti synd né sjúkleik. En loks kom þó syndafallið. Sumar smáverurnar hættu að lifa eingöngu á sól og sjó og lofti, og tóku upp á því að umlykja aðrar smáverur og nota þær til að vaxa af. En eftir því sem þetta tókst betur, hnignaði hæfileika þeirra til að lifa eingöngu á sól og sjó og lofti, uns hann tapaðist með öllu. Lífið á jörðinni hafði greinst í dýr, sem lifðu á öðrum lífverum, og jurtir, sem hin líflausa náttúra nægði til viðurværis. Og í þessa átt var svo haldið áfram. Hin fyrstu dýr voru öll jurtaætur. Og er fróðlegt að athuga framvindustefnuna. Jafnvel í hverjum dýraflokki lifa forfeðurnir saklausara lífi en afkomendurnir. Hin elstu skriðdýr voru t. d. öll jurtaætur. En síðan koma fram hin ógurlegu rándýr, sem lifa á því að rífa í sig önnur dýr, og þá fyrst og fremst jurtaæturnar. Hið sama endurtekst í sögu spendýranna. Einnig þau dýr voru í fyrstunni jurtaætur eða lifðu a. m. k. ekki á öðrum spendýrum; hin eiginlegu rándýr koma ekki fram fyrr en spendýr höfðu um langan aldur verið til. Og um aðrar ennþá illkynjaðri tegundir af spellverum, bæði dýra- og jurtakyns, er vitanlega sama að segja. Spillilífið kemur síðar fram en lífið sem spillt er.

III

Undireins þetta sem vikið hefir verið á, bendir greinilega í þá átt, að framvindusaga lífsins hér á jörðinni, sé ekki eindregin framfarasaga. En svo er annað ekki síður ískeygilegt. Þegar fjölfrumungur verður til upp úr fyrstlingnum, einfrumungnum, þá dregur um leið úr lífsaflinu. Og þessi afturför ágerist eftir því sem ofar dregur í lífríki jarðarinnar. Jafnvel hjá hryggdýrum eins og salamöndrum, er þó endurvaxtarmáttur líkamans svo mikill, að þótt rifinn sé af heill framlimur með herðarblaði og öllu saman, þá vex hann aftur. Og jafnvel hjá skriðdýrum, sem hærra standa í framsóknarstiganum en salamöndrurnar, getur það komið fyrir að halinn vaxi aftur, þó að hann brotni af, en að vísu ófullkomnari en áður. Ískeyggilegast er, að hjá mannum er þessi afturför lífsaflsins mest og endurvaxtarmátturinn minnstur.

Þetta allt saman fer ekki að verða eins fróðlegt og þarf, fyrr en vér höfum áttað oss á því, að lífið er til orðið fyrir nokkurskonar magnan frá skapandi mætti, og að það hverfur burt, jafnskjótt sem sambandinu við þann mátt, eða þá aflstöð, er slitið. Er það býsna eftirtektarvert, að sú lífvera sem ófullkomnast samband hefir við hinn skapandi mátt, skuli einmitt vera maðurinn, sem nefndur hefir verið kóróna sköpunarverksins.

IV

Þetta skýrist betur ef vér virðum fyrir oss sálarlífið. Það er einkum talið mannum til ágætis, að hann sé dýrunum miklu fremri að viti. En ef vér gætum að, þá sjáum vér, að þetta er einungis að sumu leyti rétt. Vit fuglanna er t. d. í sumum greinum, mannvitinu langtum fremra. Langt úti í löndum vita farfuglarnir íslensku hvenær vorið er komið hér heima, og þeir rata hina „háu vegaleysu“ án áttavita og leiðarljósa. Þar kemur fram vittegund, sem mjög miklu er framar mannviti, og hefir þetta í rauninni aldrei verið skýrt, og verður ekki skýrt án magnanarkenningarinnar. Fuglsheilinn er fullkomnara viðtæki fyrir sérstakar tegundir vitgeislanar en mannsheilinn. Augljóst virðist að hjá fuglum er um að ræða samskonar viteiginleika og stundum kemur fram hjá mönnum, og á lægra stigi þó, og er nefnt ófreskisgáfa.

Nú á þessum síðustu tímum hafa enskir og amerískir vísindamenn fengist talsvert við rannsókn á því sem þeir nefna extrasensory perception, skynjan án skynvita, (eða utan við þau), og komist að þeirri niðurstöðu, að ekki geti verið efamál að þetta eigi sér stað. Próf. Julian Huxley, einn af fremstu líffræðingum breskum, minnst einnig á þetta í bók sinni „The Uniqueness of Man“, s. 30, og lítur svo á, eins og margir eða flestir aðrir, sem þarna séu að koma fram hjá mannum nýir hæfileikar. En það er óefað mikið til misskilningur. Miklu fremur er um að ræða eftirstöðvar hæfileika, sem forfeður vorir á steinöld höfðu á miklu herra stigi en vér, eða endurframkomu slíkra hæfileika

(atavismus). Þróun hugsunarinnar, mannvitsins, hefir orðið á kostnað ófreskigáfunnar. En þó væri vissulega æskilegt að geta öðlast þessa hæfileika aftur, samfara miklu mannviti, eins og segja má raunar, að átt hafi sér stað, að nokkru leyti, um ýmsa mikla vitmenn, og vil ég þar nefna Swedenborg, og af íslenskum mönnum Njál.

V

Það er hinn mikli vandi í sköpunarsögu lífsins eins og það kemur fram hér á jörðu, að því lengra sem sótt hefir verið fram, því margbreyttari sem lífverurnar hafa orðið, því erfiðara hefir orðið um sambandið við hinn skapandi mátt, því erfiðara um þá magnan sem býr undir lífi og viti; og kemst þessi erfiðleiki á hæsta stig þar sem mannveran er. Orsökina er sú, að frumskilyrði fyrir magnaninni er samstilling þess sem magna skal, og af öllum verum jarðarinnar eru mennirnir sundurleitastir og ósamstilltastir. Á þessu þarf að ráða bót, og þangað er að rekja hugmyndirnar um lausn eða björgun mannkyns. En hvað getur svo orðið til að bjarga? Einungis það, að eitthvað komi fram, sem orðið geti áhugamál alls mannkyns, snúið öllu mannkyni til samstillts áhuga og samtaka. En nú er það í augum uppi, að komi sú kenning fram og teljist sönn, að mannkynið sé á glötunarvegi, jafnvel á glötunarbarmi, en jafnframt, að þessu megi bjarga, og hvernig, þá væri þar vissulega áhugaefni fyrir allt mannkyn. Kenningin þyrfti að vera þannig, að fljótt kæmu í ljós eindregnar bendingar um að hún væri rétt, ef undir væri tekið. Og svo mun vissulega reynast um uppgötvun lífsins á stjörnunum. Réttar samhuga tilraunir mundu skjótt veita þau svör, sem ekki yrðu véfengd, og það mundi ekki á löngu líða, áður kæmi í ljós ótvíðræðlega, að þar væri fundin leiðin til að bæta úr því syndafalli sem áður hefir verið sagt frá. Og undursamlegar mundu verða afleiðingarnar af því, að mannkyn jarðar vorrar færi að geta veitt hinum guðlega krafti viðtöku miklu betur en áður, og fært sér í nyt hjálp og leiðsögn þeirra lífvera í alheimi, sem á rétta leið eru komnar. En ekki er þess að dyljast, að erfiðleikarnir á að

færa líffræðina út til stjarnanna eru býsna miklir, og verstur þó í rauninni sá, að menn eru svo sannfærðir um, að slíkur vísindaauki muni aldrei geta orðið. Nýjasta bókin sem ég hefi séð, þar sem þetta mál er rætt, heitir „Life on other Worlds“ (Líf á öðrum jarðstjörnum) og er frá 1940. Má sennilega líta á það sem vott um að áhugi almennings beinist nú allmikið í þessa átt, að bókin hefir verið tvíprentuð á einu missiri. Höfundurinn er dr. H. Spencer Jones, einn af merkustu stjörnufræðingum samtíðarinnar. Höf. gefur ágætt yfirlit yfir það sem vitað er um byggingu alheimsins, segir að tekist hafi að ljósmynda vetrarbrautir í 500 milljóna ljósára fjarlægð, og að gera verði ráð fyrir 100 milljónum slíkra stjörnusveipa (með 100 000 milljónum sólna!) á því geimsvæði sem tæki stjörnufræðinganna geti nú náð til. Menn sjá að heimurinn er að bráðstækka og hefir stækkað mjög mikið síðan þær ritgerðir voru samdar sem stuðst er við í fyrsta kafla Framnýals. Höf. rannsakar því næst mjög fróðlega skilyrðin fyrir því að líf, slíkt sem vér þekkjum, geti komið fram á einhverri jarðstjörnu. En ályktarorð hans eru þau (s. 51), að ekki sé hægt að komast að neinni niðurstöðu um það, hvort skynsemi gæddar verur eins og mennirnir, hafi komið fram á nokkurri jarðstjörnu alheimsins. Og hann bætir við (s. 250): „Hvorki rannsóknir stjörnufræðingsins né líffræðingsins, geta í þessu efni orðið oss að neinu liði. Það hlýtur alltaf að verða oss lokuð bók.“

VI

Svo segir hinn ágæti stjörnufræðingur. Og svo að ég vitni í aðra nýja bók, þá tekur hinn ágæti líffræðingur próf. Júlían Huxley í sama streng, í riti því sem ég gat um áðan. En þó er þetta ekki rétt. Ef komið er á hinn rétta sjónarhól, verður augljóst, að lífið á öðrum jarðstjörnum alheimsins þarf ekki að vera oss ókunnugt, og ennfremur, að oss ríður hið mesta á að öðlast þekkingu á því og samband við það. Og hversu eftirtektarvert það er, að rétt eftir að skilningur á þessu er farinn að koma fram hér á Íslandi, skuli bæði á Bretlandi og í Bandaríkjunum, vera látin í ljósi sú trú, að

forganga hinnar litlu íslensku þjóðar sé öllu mannkyni nauðsynleg. Og að vísu mun svo reynast. Þegar Íslendingar reisa hina fyrstu stöð til sambands við lífið á stjörnunum — og það má svo heita, að forsjónin hafi fyrir því séð, að nægir peningar eru nú fyrir hendi til slíks fyrirtækis — þá er sú forganga hafin, og mundi fljótt sýna sig að vera til blessunar fyrir allt mankyn.

Jan. '42.